



Dalabyggð

Minnisblað - 1811005

Til: Sveitarstjórnar

Frá: Sveitarstjóra

Efni: *Fundur fulltrúa úr sveitarstjórn með Stormorku ehf.*

Dags.: 9. 10. 2019

Fulltrúar sveitarstjórnar hittu fulltrúa Stormorku ehf. 23. september kl. 16:00. Efnt var til fundarins til þess að fulltrúar Stormorku gætu komið sjónarmiðum sínum á framfæri við sveitarstjórn.

Fulltrúar Dalabyggðar: Eyjólfur Ingvi Bjarnason oddviti, Ragnheiður Pálsdóttir varaoddviti, Þuríður Jóney Sigurðardóttir sveitarstjórnafulltrúi, Kristján Sturluson sveitarstjóri, Þórður Már Sigfússon skipulagsfulltrúi og Hjalti Steinþórsson lögmaður.

Fulltrúar Stormorku ehf.: Magnús B. Jóhannesson, Sigurður E. Jóhannesson og Skúli Thoroddsen lögfræðingur.

Fulltrúar Stormorku fóru yfir að vegferðin væri löng, tvö ár síðan byrjað var að undirbúa breytingu skipulags. Skipulagið og breyting úr landbúnaðar- í iðnaðarsvæði væri einn áfangi á leiðinni og Landsnet væri að horfa til þess. Ekki sé ástæða til að bíða eftir rammaáætlun enda þurfi fleiri afgreiðslur s.s. framkvæmdaleyfi þegar komið er lengra. Ef ekkert gerist sé hægt að breyta skipulaginu til baka þannig að það skapi ekki áhættu fyrir sveitarfélagið. Orkustofnun gefi út virkjunarleyfi en til þess þurfi að vera skipulag og tengingar og stofnunin gæti skilyrt leyfið. Það sé fyrst á því stigi sem hægt sé að sækja um framkvæmdaleyfi. Þó að Skipulagsstofnun leggi til að málið sé skoðað sem hluti af heildarendurskoðun aðalskipulags þá sé það ekki valdboð. Þegar horft sé á rammaáætlun verði að ganga út frá gildandi lögum. Ákvörðun sveitarstjórnar sé ekki leyfi, það þurfi aðrir aðilar að taka fyrir. Ef það yrði niðurstaða sveitarstjórnar að fresta því yrði það mjög stór ákvörðun, líka stór ákvörðun að taka ekki ákvörðun. Sveitarfélagið þurfi að vera meðvitað um hvað áhrif frestun hefur. Efnahags- og samfélagsleg áhrif séu ótvíræð og mikil s.s. orkuferðamennska.

Hjalti tók undir að það væri jákvætt fyrir verkefnið að klára sem fyrst. Ragnheiður sagði það mikilvægt fyrir sveitarfélagið að hlusta á alla.